

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Þýðingar- og kynningarsjóð Kristjáns Karlssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Þýðingar- og kynningarsjóður Kristjáns Karlssonar. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 eða þeim lögum sem gilda um sjóðinn hverju sinni.

Stofnandi sjóðsins er Sverrir Kristinsson, kt. 260744-2679.

Heimili sjóðsins er að Síðumúla 21, 108 Reykjavík.

Varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins nemur kr. 952.000, -níuhundruðfimmtíuogtvöpusund 00/100-, og skal það mynda höfuðstól. Höfuðstóllinn skal hækka um fjárhæðir, sem síðar kunna að berast sjóðnum. Stofnfé sjóðsins er óskerðanlegt.

Stofnfé sjóðsins, kr. 952.000, greiðist af Sverri Kristinssyni, kt. 260744-2679.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla íslenska bókmenntamenningu með því að styrkja þýðingar og kynningu á ljóðum og smásögum og öðrum ritverkum Kristjáns Karlssonar á erlend tungumál.

Þetta skal m.a. framkvæmt með styrkveitingum, útgáfustarfsemi og rannsóknum og ritun verka um Kristján Karlsson og verk hans.

### 4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Stjórn sjóðsins velur endurskoðanda. Fyrsta reikningsár sjóðsins er árið 2011.

### 5. gr.

Stofnfé sjóðsins er lagt fram sem bankainnstæða hjá viðurkenndri bankastofnun. Sjóðurinn skal ávaxtaður með bestu kjörum sem hægt er að ná á hverjum tíma að mati stjórnar sjóðsins. Raunvaxta-tekjum sjóðsins má verja samkvæmt 3. gr.

### 6. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt ákvörðun stjórnar hans.

### 7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum.

Sjóðstjórn skal tilnefnd árlega, á aðalfundi, af Elísabetu Jónasdóttur, kt. 080422-4589. Óski stjórnarmaður eftir að láta af störfum, eða hann fellur frá, tilnefnir Elísabet Jónasdóttir stjórnarmann í hans stað. Að henni látinni skal stjórn Bókmenntafélagsins tilnefna menn í sjóðstjórn.

Sjóðstjórnin kýs sér formann.

Sjóðstjórnin skal halda fundargerðabók, þar sem bóka skal allar ákvarðanir stjórnarinnar varðandi sjóðinn.

Formaður sjóðstjórnar skal árlega sinna lögboðinni tilkynningarskyldu í samræmi við fyrirmæli laga þar að lútandi, nú laga nr. 19/1988.

### 8. gr.

Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

### 9. gr.

Aðalfundur skal haldinn einu sinni á ári. Á aðalfundi skal endurskoðaður ársreikningur undanfarandi árs lagður fram.

Rétt til setu á aðalfundi hafa stjórnarmenn skv. 7. gr.

Að öðru leyti hittist stjórnin eftir þörfum. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta á aðalfundi Þýðingar- og kynningarsjóðsins, en þá þarf aukinn meirihluta til eða 2/3 stjórnar.

11. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki sjóðsstjórnar og að fenginni heimild sýslumannsins á Sauðárkróki eftir umsögn Ríkisendurskoðunar. Verði sjóðurinn lagður niður skal eignum hans varið í samræmi við upphaflegt markmið hans.

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, svo og á breytingum, sem kunna að verða gerðar á henni sbr. 10. gr.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 31. mars 2011.*

**Ríkarður Másson.**

\_\_\_\_\_  
*Björn Ingi Óskarsson.*